

1. Tilgangur og umfang

Stefna Holtaskóla í vinnuvernd tekur til allrar starfsemi skólans og starfsfólk skal virða hana í öllum störfum sínum. Stefna í vinnuvernd byggir á gildum og stefnu Holtaskóla og uppfyllir kröfur í lögum og reglugerðum.

2. Stefna

Holtaskóli skuldbindur sig til að vera til fyrirmyndar í öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmálum með því að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi fyrir þá sem starfa í og heimsækja skólann.

3. Markmið

Holtaskóli vinnur með virkum og skipulögðum hætti að því að:

- Stuðla að menningu þar sem hver starfsmaður ber ábyrgð á eigin öryggi, er talsmaður aukins öryggis annarra og leitast við að koma auga á, meta og stjórna áhættum í vinnuumhverfinu.
- Aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustað stuðli að góðri heilsu, vellíðan starfsmanna og slysalausri starfsemi.
- Fylgja lagalegum kröfum sem lágmarksviðmið og gera strangari kröfur þar sem við á.
- Vinna að stöðugum umbótum í málefnum sem snúa að öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmálum.
- Efla þekkingu starfsmanna á málefnum sem snerta öryggi og vinnuvernd.
- Hvetja og styrkja starfsmenn til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.

4. Annað

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og vera aðgengileg á innri og ytri vef skólans. Stefna þessi er í gildi og bera skólastjórar ábyrgð á framfylgd hennar.

Samþykkt af skólastjóra Holtaskóla hinn 4. janúar 2021

Vinnuverndarstefna	Ábyrgð á:	Hvernig, stutt lýsing
Tryggjum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og komum í veg fyrir slys og atvinnutengda sjúkdóma.	Skólastjóri Aðst. skólastjóri Húsvörður	<ul style="list-style-type: none"> • Gera áhættumat fyrir fyrirtækið og framkvæma nauðsynlegar úrbætur. • Öll vinna er í samræmi við Vinnuverndarlögin. • Hafa áhættumatið lifandi og aðgengilegt öllu starfsfólki. • Skrá öll slys og næstum slys.
Sjá til þess að starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun við störf sín.	Skólastjóri Aðst. skólastjóri	<ul style="list-style-type: none"> • Að starfsmenn hafi grunnþekkingu á sviði vinnuverndar með því að sækja námskeið og hafa aðgang á fræðsluefni tengt vinnuvernd. • Hafa vinnuvernd hluta af nýliðafræðslu. • Ræða við starfsfólk eftir ákveðin reynslutíma.
Hafa vinnuverndina virka í daglegum rekstri fyrirtækisins.	Skólastjóri Aðst. skólastjóri	<ul style="list-style-type: none"> • Aldrei að gefa afslátt á vinnuverndinni. • Áhættumat um öll ný og óvenjuleg störf. • Hafa vinnuferla skýra og fylgja verklagsreglum. Opin fyrir breyttum og bættum aðferðum.
Tryggjum að vélar, tæki og varasöm efni stofni ekki lífi og heilsu starfsfólks í hættu.	Skólastjóri Aðst. skólastjóri Húsvörður	<ul style="list-style-type: none"> • Tryggja að starfsmenn hafi viðeigandi réttindi og kunnáttu á þær vélar og tæki sem eru notuð. • Öryggisblöð fyrir hættumerkt efni séu til staðar.
Stuðla að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan starfsmanna.	Skólastjóri Aðst. skólastjóri Húsvörður Starfsmenn	<ul style="list-style-type: none"> • Stuðla að fjölbreyttum verkefnum fyrir alla starfsmenn. • Að starfsmenn hafi mikið sjálfræði og sveigjanleika við vinnuna. • Að starfsmenn styðji og hjálpi hver öðrum.
Tryggja öryggi starfsmanna sem vinna einir.	Skólastjóri Aðst. skólastjóri Húsvörður Starfsmenn	<ul style="list-style-type: none"> • Hafa samskiptaleiðir eða boðleiðir skýrar. • Öll verk skipulögð þannig að einhver viti hvar starfsmenn eru og hvenær vinnu líkur. • Hafa allaf síma á sér.
Hafa virka viðbragðs- og rýmingaráætlun vegna t.d. eldsvoða, jarðskjálfta, flóða o.fl. Slökkvibúnaður og skyndihjálparbúnaður sé í lagi.	Skólastjóri Aðst. skólastjóri Húsvörður	<ul style="list-style-type: none"> • Hafa flóttaleiðir vel merktar. • Halda rýmingaræfingar. • Yfirfara reglulega neyðar- og slökkvibúnað.